

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Tálknafjarðarhreppi.

1. gr.

Af köttum í Tálknafjarðarhreppi skal sveitarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem er ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um kattahald í Tálknafjarðarhreppi, nr. 706/2007, sbr. 2. gr. hennar.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattar skal innheimta gjald sem hér segir:

Skráningargjald, kr. 7.500.

Leyfisveiting eftir útrunninn frest, sbr. 2. gr. samþykktar um kattahald, kr. 10.700.

Bráðabirgðaleyfi, kr. 3.750.

3. gr.

Af skráðum köttum skal innheimta árlegt leyfisgjald, fyrir hvern kött kr. 5.900. Ekki skal innheimta leyfisgjald sama ár og köttur er skráður.

4. gr.

Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging og umsýslugjald sveitarfélagsins.

5. gr.

Veittur er 3.200 kr. afsláttur af árlegu leyfisgjaldi ef leyfishafi framvísar staðfestingu dýralæknis á því að gelding hafi farið fram.

6. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir kattahald í Tálknafjarðarhreppi nr. 203/2012.

Tálknafirði, 13. desember 2018.

Bryndís Sigurðardóttir sveitarstjóri.